

9. fundur landssambandsstjórnar DKG haldinn 06.04. 2022 kl. 19:30 – 21:12 fjarfundur

Mættar eru: Guðrún Edda Bentsdóttir Kappadeild, forseti, Guðný Helgadóttir Gammadeild, 2. varaforseti, Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir Nýdeild, ritari, Elísabet Jóhannesdóttir Deltadeild, meðstjórnandi, Kristín Helgadóttir Þetadeild, gjaldkeri, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, fráfarandi forseti og Eygló Björnsdóttir, vefstjóri.

Boðuð forföll: Aníta Jónsdóttir Þetadeild, 1. varaforseti

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar - samþykkt

2. Aðalfundir í deildum í vor og stjórnarskipti - minna fráfarandi stjórnir á:

- Uppstillinganefndir
- Fara vel yfir lög, reglugerðir og handbók með nýrri stjórn
- Kynna fyrir nýrri stjórn og fara vel yfir öll gögn og upplýsingar sem finna má á íslenskum og erlendum heimasíðum.
- Upplýsa um framkvæmdaráðsfund sem haldinn er á hverri önn.
- Formenn hafi handbók alltaf uppi við

3. International speaker – umsóknarfrestur 1. maí

- Höfum þegar fengið úthlutað fyrirlesara þar sem vorráðstefnan féll niður 2020.
- Máli vísað til menntamálanefndar.

4. Umsóknir um þátttöku í alþjóðlegum nefndum – umsóknarfrestur 1. maí

Guðrún Edda leggur áherslu á mikilvægi þess að Evrópulöndin eigi fulltrúa í sem flestum nefndum og að mikilvægt sé að hvetja íslenskar konur til að sækja um. Hún mun setja upplýsingar um nefndir í næsta fréttabréf og vekja athygli á þessu og vísa einnig á upplýsingar um alþjóðlegar nefndir á vef Íslands og Evrópu.

5. Fréttabréf mars/apríl – efni

Guðrún Edda fer yfir efni næsta fréttabréfs forseta.

- Stjórnarskipti og aðalfundir í deildum - minnisatriði fyrir stjórnir
- Sjóðir - Aníta Jónsdóttir segir frá ferð til Texas
- Konur sem hafa fallið frá - Guðrún Edda mun biðja stjórnir deilda að senda skilaboð til Eyglóar ef kona í deild fellur frá. Það er hefð að minnast félagskvemma við andlát. Fáni samtakanna er boðinn við útför. Vert að minna á þetta.
- Vorráðstefnan og skráning hennar
- Þátttaka í alþjóðlegum nefndum
- Næsta erindi á vegum evrópsku menntastofanna 23. apríl n.k.

6. Framlag vegna ferðakostnaðar Evrópuforseta

Hvert landssamband greiðir eina evru frá hverjum félagsmanni deildar. Guðrún Edda mun koma greiðslunni til skila. Guðrún Edda mun koma greiðslunni til skila á fundi European Forum um mánaðarmótin apríl-maí.

7. Vorráðstefna 7. maí 2022;

Guðrún Edda kynsir stöðu á undirbúningi vorráðstefnunnar og umræður um dagskrá og tímaramma frá menntamálanefnd.

a. **Staður** – Grand hótél (Gullteigur) - staðfest

b. **Tími** – kl. 10:00 – 16:00/17:00 - staðfest

c. **Dagskrá** – tímarammi (drög frá menntamálanefnd)

- Breyting á fyrirlesara menntamálanefndar - í stað Auðbjargar Björnsdóttur frá HA kemur Valgerður Ósk Einarsdóttir, kennsluráðgjafi frá HA.
- Niðurstaða umræðna færðar í Padlet sem krefst þess að ritari verður á hverju borði með tæki til að skrá niðurstöður. Skipulag á höndum menntamálanefndar.
- Við skráningu á ráðstefnuna eru konur beðnar um að setja inn nafn deildar og eins óskir ef um sérfæði er að ræða.

d. **Fyrirlesarar/erlendir gestir** – Gail Goolsby

- Gail er tilbúin en getur því miður ekki mætt sjálf. Menntamálanefnd mun sjá um skipulag á erindi og fyrirspurnum en hún mun flytja erindi sitt á Zoom.

e. **Plan B** – fjarráðstefna, streymi?

Umræður um streymi og aðra möguleika. Guðrún Edda leggur til að hafa samband við Erlu Stefánsdóttur sem hefur unnið áður fyrir Landssambandið og ekki lokið við þá vinnu vegna Covid og mun hún gera það. Rætt um að hún taki upp erindi sem hægt væri að setja á vef um tíma fyrir þær sem ekki sjá sér fært að mæta á ráðstefnuna.

f. **Veitingar** – Lagt til að staðfesta tilboð sem eru komin og það gert.

8. Önnur mál:

- Ákveðið að landssambandsstjórnin hittist aftur í lok apríl og skipti með sér verkum.
- Mikilvægt að fylgjast með skráningu. Kristín fylgist með. Lokadagur skráningar er 4. maí.
- Gjafabréf í flug sem landssambandið á verði nýtt í ferðakostnað fyrir fyrirlesara og konur að norðan.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl. 21:12

Næsti fundur, 27.04 kl. 19:30

Fundargerð ritaði Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir

